

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, sbr. síðari breytingar.

#### 1. gr.

Felld er úr gildi reglugerð nr. 662/2000 frá 15. september 2000, um breytingu á reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, nr. 456/1994, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. september 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

4. september 2001

Nr. 676

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Dalvíkurbyggð.

*Deiliskipulag vegna frístundabyggðar í landi Stærri-Árskógar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 29. maí 2001 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Stærri-Árskógar.

Upplýsingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Dalvík, 4. september 2001.*

F.h. Dalvíkurbyggðar,

**Sveinbjörn Steingrímsson** bæjartækniþæðingur.

16. ágúst 2001

Nr. 677

## AUGLÝSING

### um breytingu á skipulagsskilmálum við Löngumýri 25, Garðabæ.

*Breyting á skipulagsskilmálum Löngumýrar 25, Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skipulagsskilmálum við Löngumýri 25, Garðabæ. Breytingin er sett fram sem viðauki við skipulagsskilmála Hofsstaðamýrar, 2. áfanga. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður um 1 m til vesturs. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 16. ágúst 2001.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.